

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2020

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.
Básaskersbryggju
900 Vestmannaeyjum

kt. 420718-1280

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er rekstur ferjusiglinga á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á árinu 113,0 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 148,1 millj kr. í árslok. og var eigið fé neikvætt um 5,0 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 58 (2019: 49). Karlar eru 60% starfsmanna félagsins í árslok en konur 40%. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Hlutafé félagsins í árslok nam 150,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutaféð er í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Megin ástæða slakrar afkomu félagsins á árinu má rekja til áhrifa COVID-19 faraldursins. Áhrif faraldursins hafa haft umtalsverð áhrif á félagið, sjá nánar í skýringu 12. Samningur við Íslenska ríkið um rekstur ferjunnar var einnig tekinn upp á árinu og endurnýjaður og framlengdur í takt við breytta heimsmynd.

Vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem gripið var til og endurnýjun samninga við Ríkið og hóflegar bjartsýni á ferðamannastraum á árinu 2021, telja stjórnendur að rekstrarhæfi félagsins sé tryggt hið minnsta út samningstímamann sem nær til þriggja ára, þrátt fyrir rekstrarerfiðleika á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 11. maí 2021.

Í stjórn félagsins:



Birna Vind Þórsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Höður Óni Grættisson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, 11. maí 2021.

KPMG ehf.



Magnús Jónsson
Helga Níelsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|-------|-----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Framlag Ríkissjóðs | 2c | 905.000.000 | 517.551.259 |
| Seld þjónusta | | 470.187.562 | 564.483.145 |
| Seldar veitingar | | 40.114.922 | 69.529.631 |
| Aðrar tekjur | | 2.723.351 | 0 |
| | | <u>1.418.025.835</u> | <u>1.151.564.035</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 22.055.512 | 34.931.449 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 793.543.846 | 506.488.348 |
| Rekstur skips, áhalda og tækja | | 572.784.788 | 471.089.436 |
| Húsnæðiskostnaður | | 32.991.757 | 29.844.575 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | 96.180.922 | 121.082.683 |
| Afskriftir | 4 | 13.808.018 | 4.198.226 |
| | | <u>1.531.364.843</u> | <u>1.167.634.717</u> |
| Rekstrartap | | (113.339.008) | (16.070.682) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 490.423 | 1.080.732 |
| Vaxtagjöld | | (191.585) | (1.239.211) |
| Gengismunur | | 2.216 | (188.478) |
| | | <u>301.054</u> | <u>(346.957)</u> |
| Tap ársins | 9 | <u>(113.037.954)</u> | <u>(16.417.639)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|------------------------------------|-------|---------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Óefnislegar eignir | 5 | 14.349.584 | 18.636.920 |
| Rekstrarfjármunir | 6 | 23.048.936 | 11.592.195 |
| Fastafjármunir | | <u>37.398.520</u> | <u>30.229.115</u> |
| Viðskiptakröfur | | 13.355.374 | 18.573.774 |
| Krafa á Ríkissjóð | 12 | 0 | 84.282.050 |
| Aðrar skammtímaskröfur | | 1.788.358 | 11.689.638 |
| Handbært fé | | 95.575.438 | 82.692.478 |
| Veltufjármunir | | <u>110.719.170</u> | <u>197.237.940</u> |
| Eignir samtals | | <u>148.117.690</u> | <u>227.467.055</u> |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Ójafnað eigið fé | | (155.010.633) | (41.972.679) |
| Eigið fé | 9 | <u>(5.010.633)</u> | <u>108.027.321</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 47.813.643 | 69.312.862 |
| Skuldir við tengda aðila | 11 | 3.202.862 | 3.124.744 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 5.830.776 | 6.350.630 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 96.281.042 | 40.651.498 |
| Skammtímaskuldir | | <u>153.128.323</u> | <u>119.439.734</u> |
| Skuldir samtals | | <u>153.128.323</u> | <u>119.439.734</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>148.117.690</u> | <u>227.467.055</u> |

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|--|-------|----------------|----------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Tap ársins | 9 | (113.037.954) | (16.417.639) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 13.808.018 | 4.198.226 |
| Veltufé til rekstrar | | (99.229.936) | (12.219.413) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 99.401.730 | (107.830.895) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 34.208.443 | 104.144.099 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, breyting | | (519.854) | 4.110.014 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 133.090.319 | 423.218 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 33.860.383 | (11.796.195) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 5 | 0 | (18.188.177) |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 6 | (20.977.423) | (12.530.764) |
| Fjárfestingahreyfingar | | (20.977.423) | (30.718.941) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 12.882.960 | (42.515.136) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 82.692.478 | 125.207.614 |
| Handbært fé í árslok | | 95.575.438 | 82.692.478 |

Skýringar

1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færðar í samræmi við gildandi samning.

d. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn óefnislegar eignir er færður kostnaður vegna kaupa á bókunarkerfi, hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum sem gjaldfærðar eru á fimm árum.

e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|----------|
| Innréttingar og skrifstofubúnaður | 3 - 5 ár |
| Áhöld og tæki | 5 ár |

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

g. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum farmiðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,7 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Væntanleg skattspörun vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er meðtalin í reiknaðri skatteign.

Skýringar frh.:

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|--|--------------|----------------|
| Laun | 655.557.774 | 594.733.107 |
| Dagpeningar og bifreiðastyrkir | 4.559.504 | 6.966.784 |
| Lífeyrissjóðsframlög | 86.849.057 | 78.370.173 |
| Önnur launatengd gjöld | 55.787.868 | 51.498.084 |
| Samtals laun og launatengd gjöld | 802.754.203 | 731.568.148 |
| Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum | (7.506.915) | (225.079.800) |
| Laun í sóttkví, endurgreiðsla frá Ríkissjóði | (1.703.442) | 0 |
| Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals | 793.543.846 | 506.488.348 |
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 60 | 66 |
| Fjöldi stöðugilda í árslok | 49 | 55 |
| Meðal stöðugildi á árinu (ársverk) | 58 | 49 |

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu 26,9 millj. kr. á árinu 2020 en þau námu 22,5 millj. kr. á árinu 2019.

Samkvæmt samningi félagsins bar Vegagerðin kostnað vegna launa tveggja starfsmanna félagsins fram að afhendingu skipsins árið 2019. Til viðbótar þá tók Vegagerðin þátt í kostnaði sem féll til vegna seinkunar á afhendingu skipsins auk óhagræðis sem fólst í rekstri tveggja skipa. Árið 2020 greiddi Vegagerðin hluta af launum starfsmanna Herjólfis í tengslum við slíptöku á árinu.

4. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|----------------------------------|------------|-----------|
| Afskrift óefnislegra eigna | 4.287.336 | 2.799.757 |
| Afskrift rekstrarfjármuna | 9.520.682 | 1.398.469 |
| | 13.808.018 | 4.198.226 |

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | |
|------------------------------|------------|
| Heildarverð 1.1.2019..... | 3.248.500 |
| Fjárfestingar á árinu | 18.188.177 |
| Heildarverð 31.12.2019..... | 21.436.677 |
| Heildarverð 31.12.2020..... | 21.436.677 |
| Afskrifað á árinu | 2.799.757 |
| Afskrifað 31.12.2019..... | 2.799.757 |
| Afskrifað á árinu | 4.287.336 |
| Afskrifað 31.12.2020..... | 7.087.093 |
| Bókfært verð 1.1.2019..... | 3.248.500 |
| Bókfært verð 1.1.2020..... | 18.636.920 |
| Bókfært verð 31.12.2020..... | 14.349.584 |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

Skýringar frh.:

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Innréttingar og búnaður | Áhöld og tæki | Samtals |
|------------------------------|----------------------------|---------------|------------|
| Heildarverð 1.1.2019..... | 459.900 | 0 | 459.900 |
| Fjárfestingar á árinu | 6.928.593 | 5.602.171 | 12.530.764 |
| Heildarverð 31.12.2019..... | 7.388.493 | 5.602.171 | 12.990.664 |
| Fjárfestingar á árinu | 20.977.423 | 0 | 20.977.423 |
| Heildarverð 31.12.2020..... | 28.365.916 | 5.602.171 | 33.968.087 |
| Afskrifað á árinu | 872.628 | 525.841 | 1.398.469 |
| Afskrifað 31.12.2019..... | 872.628 | 525.841 | 1.398.469 |
| Afskrifað á árinu | 8.400.248 | 1.120.434 | 9.520.682 |
| Afskrifað 31.12.2020..... | 9.272.876 | 1.646.275 | 10.919.151 |
| Bókfært verð 1.1.2019..... | 459.900 | 0 | 459.900 |
| Bókfært verð 31.12.2019..... | 6.515.865 | 5.076.330 | 11.592.195 |
| Bókfært verð 31.12.2020..... | 19.093.040 | 3.955.896 | 23.048.936 |
| Afskriftarhlutföll | 20 - 33% | 20% | |

7. Vátryggingarverð

Vátryggingaverð búnaðar, áhalda og tækja nam 17,5 millj. kr. í árslok.

8. Skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:

| | 2020 | 2019 |
|--|---------------|--------------|
| Skatteign í ársbyrjun | 8.391.036 | 5.111.008 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 22.604.011 | 3.280.028 |
| Reiknuð skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu | (30.995.047) | (8.391.036) |
| Skatteign í árslok | 0 | 0 |

Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði:

| | | |
|--|---------------|--------------|
| Rekstrarfjármunir | 271.610 | (552.165) |
| Viðskiptakröfur | 339.800 | 1.078.000 |
| Gengismunur | 12.270 | 25.130 |
| Yfirfæranlegt tap | 30.371.367 | 7.840.071 |
| Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu | (30.995.047) | (8.391.036) |
| Skatteign í árslok | 0 | 0 |

9. Eigið fé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutfé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---------------------------|-------------|---------------------|----------------|
| Eigið fé 1.1.2019 | 150.000.000 | (25.555.040) | 124.444.960 |
| Tap ársins | | (16.417.639) | (16.417.639) |
| Eigið fé 1.1.2020 | 150.000.000 | (41.972.679) | 108.027.321 |
| Tap ársins | | (113.037.954) | (113.037.954) |
| Eigið fé 31.12.2020 | 150.000.000 | (155.010.633) | 5.010.633 |

Skýringar frh.:

10. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2020, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 151,9 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|--|--------------------|
| Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028 | 25.647.020 |
| Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársins 2029 | 13.553.333 |
| Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársins 2030 | 112.656.482 |
| | <u>151.856.835</u> |

11. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við tengda aðila

| | 2020 | 2019 |
|---|-------------------|-------------------|
| Seld þjónusta: | | |
| Hluthafi félagsins | 523.995 | 725.970 |
| Félög í eigu stjórnenda | 383.850 | 212.015 |
| | <u>907.845</u> | <u>937.985</u> |
| Kaup á vöru og þjónustu: | | |
| Hluthafi félagsins | 33.053.933 | 38.227.024 |
| Félög í eigu stjórnenda | 0 | 385.950 |
| | <u>33.053.933</u> | <u>38.612.974</u> |
| Staða: | | |
| Stöður á tengda aðila greinast þannig í árslok: | | |
| Kröfur | | |
| Kröfur á hluthafa | 44.800 | 87.500 |
| | <u>44.800</u> | <u>87.500</u> |
| Skuldir | | |
| Skuld við hluthafa | 3.202.862 | 3.124.744 |
| | <u>3.202.862</u> | <u>3.124.744</u> |

12. Önnur mál

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum líkur. Það er þó ljóst að áhrif á rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa verið og munu verða umtalsverð.

Félagið hefur brugðist við áhrifum faraldursins með ýmis hagræðingaraðgerðum auk þess sem það hefur nýtt úrræði stjórnvalda vegna Covid-19, s.s. laun í sóttkví, hlutabótaleið og frestun skattgreiðslna. Þá styrkir nýr samningur við Íslenska ríkið um rekstur ferjunnar, rekstrargrundvöll félagsins og það er því mat stjórnenda að rekstrarhæfi þess sé ekki ógnað.